

greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dóminn hafa upp kveðið þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Jóhann Ólafsson forstjórar.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar, greiði stefnda, Ingólfi G. S. Espholin, kr. 2500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 2/1957. **Ellí- og hjúkrunarheimilið Grund**

gegn

Ragnari Halldórssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Línal prófessor.

Frávisun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. f. m. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur, að frestur sá, er í héraðsdómi greinir, verði veittur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærúmálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærúmálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði varnaraðilja, Ragnari Halldórssyni, kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar í gær, höfðaði Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. þ. m., gegn Ragnari Halldórssyni tollþjóni, Kirkjubrú, Álftanesi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.843.30 með 6% ársvöxtum frá 23. nóvember 1956 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest í gær á hinu venjulega bæjarþingi. Lagði umboðsmaður stefnanda þá aðeins fram stefnuna, áritaða af stefnuvottum. Stefndi sótti sjálfur dómþing. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir viku fresti til að skrifa greinargerð og leggja fram skjöl. Stefndi neitaði um frest. Krafðist hann þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi eða það hafið og sér til-dæmd ómakslaun, en til vara, að sér yrðu dæmd ómakslaun. Var málið þá tekið til dóms eða úrskurðar.

Um málsatvik stendur ekki annað í stefnu en: „Krafa þessi er vegna dvalar Halldóru Halldórsdóttur á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund“. Stefnanda bar hins vegar við þingfestingu málsins að gera ýtarlega grein fyrir kröfum sínum og leggja fram þau skjöl, er hann byggir kröfur sínar á. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að málið sé vanreifað af hans hálfu og með skírskotun til 105. gr. laga nr. 85/1936 þykir verða að vísa því frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnda, Ragnari Halldórssyni, kr. 100.00 í málskostnað.